

Mannauðsstefna Heima hf. og dótturfélaga

Markmið mannauðsstefnu Heima hf. og dótturfélaga („Heimar“ eða „félagið“) er að styðja við hlutverk og gildi félagsins með jafnrétti, vellíðan og árangur að leiðarljósi.

Við erum metnaðarfull, lausnamiðuð og skapandi í störfum okkar og leggjum áherslu á að læra af reynslunni, bæði af sigrum og ósigrum, og hvetjum hvert annað áfram. Við erum sjálfbær vinnustaður þar sem jafnvægi ríkir á milli velferðar starfsfólks, umhverfisábyrgðar og heilbrigðs rekstrar. Þannig verðum við leiðandi á okkar sviði.

1. Vinnustaðamenning

Við sköpum saman nútímalegan vinnustað sem nærast á drifkrafti mannlegra samskipta og sameiginlegri ábyrgð á menningu félagsins.

Góð samskipti, samvinna og traust eru hornsteinar í daglegu starfi. Starfsfólk Heima er metnaðarfullt, lausnamiðuð og ábyrgt í sínum störfum. Saman náum við árangri.

2. Fólkið okkar - frá ráðningu að starfslokum

Frá ráðningu til starfsloka leggjum við ríka áherslu á að halda í og laða að okkur framúrskarandi starfsfólk.

Heimar leggja mikla áherslu á að vanda vel til verka í ráðningum nýs starfsfólks, þannig að nýir einstaklingar styrki hópinn. Við leggjum áherslu á að taka vel á móti nýju starfsfólki og gætum þess að nýtt starfsfólk komist fljótt og vel inn í starfið og menningu félagsins.

Starfsfólki er gefinn kostur á að efla hæfni sína og við styðjum við endurmenntun og fræðslu, því þannig stuðlum við að vexti einstaklinga og félagsins í heild.

Heimar huga að vellíðan starfsfólks og mælum reglulega starfsánægju, helgun, samband við yfirmann, samband við jafningja og fleira sem skiptir máli til að starfsfólki líði sem best í vinnunni. Starfsfólk okkar á regluleg samtöl við yfirmann sinn þar sem farið er m.a. yfir markmið, líðan og þróun.

Þegar kemur að starfslokum leggjum við jafnframt áherslu á að starfsfólk ljúki störfum með jákvæða reynslu og gangi sátt frá borði.

3. Fjölbreytileiki og jafnrétti

Við fögnum fjölbreytileikanum og tryggjum jöfn tækifæri í samræmi við jafnlauna- og jafnréttisstefnu félagsins. Við sköpum vinnuumhverfi þar sem allir geta notið sín óháð uppruna, kyni, aldri, fötlun, kynhneigið eða öðrum aðstæðum.



4. Stjórnun og samvinna

Lögð er áhersla á góða stjórnarhætti og virkt upplýsingaflæði sem stuðlar að gagnsæi og traustum samskiptum.

Stjórnendur taka ábyrgð á hlutverki sínu sem leiðtogar innan fyrirtækisins og því að stuðla að jákvæðu og styðjandi vinnuumhverfi, góðu samstarfi og veita starfsfólki stuðning til að ná árangri.

Við leggjum áherslu á að nýta styrkleika starfsfólks, styðja við frampróun og efla liðsheildina. Hver og einn leggur sitt af mörkum til að heildin verði stærri en summa hlutanna. Við veitum hvert öðru uppbyggilega endurgjöf, bjóðum hvort öðru aðstoð þegar þess þarf, sýnum gott viðmót og jákvæðni í samræmi við siðareglur félagsins.

5. Starfsumhverfi, vellíðan og heilsa

Við bjóðum sveigjanlegt vinnuumhverfi í samræmi við eðli starfa. Okkur er mikilvægt að starfsumhverfið styðji við líkamlega og andlega heilsu og að allir njóti jafnræðis. Við leggjum áherslu á að vinnuumhverfið sé öruggt og hvetjandi og að starfsfólk hafi tækifæri til að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Þannig viljum við styðja við heilbrigðan lífsstíl, jákvæða vinnustaðamenningu og tryggja að úrræði og stuðningur séu aðgengileg þegar þess er þörf.

6. Sjálfbærni

Sjálfbærnistefna Heima tryggir að við hugum að samfélagslegri og umhverfislegri ábyrgð í öllu sem við gerum hjá Heimum. Jafnframt styðjum við starfsfólk í að tileinka sér sjálfbær vinnubrögð og tökum upplýstar ákvarðanir með langtímahagsmuni að leiðarljósi.

7. Ábyrgð

Mannauðsstjóri, eða eftir atvikum framkvæmdastjórn og forstjóri, ber ábyrgð á framfylgd stefnunnar. Stefnan og markmið hennar eru endurskoðuð reglulega og aðlöguð eftir þörfum.

Við erum annað og meira, við erum Heimar.

Pannig staðfest af framkvæmdastjórn Heima hf. þann 14. apríl 2026.



Halldór Benjamín Þorbergsson



Baldur Már Helgason



Björn Eypór Benediktsson



Dagbjört Erla Einarsdóttir



Páll V. Bjarnason